

## BÆKLINGARÖÐ LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS<sup>©</sup>

Þessi bæklingur er í röð bæklinga sem  
Ljósmeðrafélag Íslands gefur út á vef  
félagsins [www.ljosmodir.is](http://www.ljosmodir.is)

Höfundur þessa bæklingis er  
Laufey Ólöf Hilmarsdóttir, ljósmóðir.

Útgáfuár 2010

Myndir Shutterstock.com

### Helstu heimildir

Grant, G.J. (2010) Pharmacologic management of pain during labor and  
delivery. Í UpToDate, D.S. Basow (Ritstj.). Sótt á vef UpToDate 15. júní 2010:  
[www.uptodate.com](http://www.uptodate.com)

Grant, G.J. (2010) Adverse effects of neuraxial analgesia and anesthesia for  
obstetrics. Í UpToDate, D.S. Basow (Ritstj.). Sótt á vef UpToDate 15. júní  
2010: [www.uptodate.com](http://www.uptodate.com)



Borgartúni 6  
105 Reykjavík  
Sími 564-6099  
[www.ljosmodir.is](http://www.ljosmodir.is)

## BÆKLINGARÖÐ LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS<sup>©</sup>



# Verkjameðferð í fæðingu með lyfjum

## Utanbastsdeyfing, glæðloft og Petidín

**PETIDÍN** er sterkt, morfínskyllt verkjalyf sem sprautað er í vöðva. Verkjastillandi áhrif Petidíns hafa verið umdeild og sennilega eru áhrif þess meira slakandi og slævandi en verkjastillandi. Þú gætir upplifað þig syfjaða, fjarræna og jafnvel finnast þú eiga erfitt með að ná stjórn á þér á meðan áhrifin vara. Sumar konur hafa þó mikið gagn af þeirri slökun sem Petidín veldur, t.d. konur sem eru lengi með hriðarverki en litla útvíkkun, eru þreyttar og hafa lítið sofið. Stundum er lyfið Phenergan gefið um leið og Petidín til að auka verkjastillandi áhrif þess. Phenergan dregur einnig úr ógleði og hefur slakandi áhrif.

### ÓKOSTIR PETIDÍNS

- Ógleði
- Uppköst
- Slævandi áhrif á móður og barn

### HEFUR PETIDÍN ÁHRIF Á BARNIÐ?

Áhrif Petidíns á ófædd börn og nýbura hafa verið talsvert rannsökuð. Það hefur slævandi áhrif á nýburann og getur valdið því að barnið þurfi smá aðstoð við öndun eftir fæðingu. Þessi áhrif eru líklegri ef barnið fæðist 1-4 klst. eftir lyfjagjöf. Stundum þarf að gefa lyf sem hefur mótverkandi áhrif á Petidín. Vandamál með brjóstgjöf eru einnig algengari hjá börnum ef móðirin fær Petidín í fæðingu.

### BÆKLINGARÖÐ

LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS®

**GLAÐLOFT** er blanda súrefnis og hlátursgass (köfnunarefnis). Hægt er að stilla styrkleika eftir þörfum. Verkjastillandi áhrif glaðlofts eru ekki kröftug, en rannsóknir sýna að margar konur telja glaðloftið hafa fullnægjandi verkjastillandi áhrif í fæðingu og er talið hættulaust fyrir fæðandi konur og börn þeirra.

### HVERNIG ER GLAÐLOFT NOTAÐ?

Þú andar glaðlofti að þér í gegnum grímu og getur þannig stjórnað inntökunni. Þegar þú andar að þér glaðlofti finnur þú fyrir sætu bragð og lykt. Glaðloft er hægt að nota á öllum stigum fæðingar.

### HVERNIG VIRKAR GLAÐLOFT?

Þegar þú andar að þér glaðlofti fer það út í blóðið og berst með blóðrásinni til þeirra líffæra sem flytja sársaukaböð. Þú finnur áhrifin þegar þú ert búin að anda að þér 5-6 sinnum og þau hverfa fljótlega eftir að þú hættir að anda glaðloftinu að þér. Best er að byrja að anda glaðloftinu að þér um leið og þú finnur að hriðin er að byrja. Þannig færðu hámarksverkun af glaðloftinu þegar hriðin er í hámarki. Síðan heldur þú áfram að anda að þér glaðlofti þangað til hriðin er búin. Gríman er þá tekin frá andlitinu þar til næsta hrið byrjar.

### ÓKOSTIR GLAÐLOFTSINS

- Ógleði og uppköst hjá um 15% kvenna.
- Svimi og dofatilfinning, sem hverfur fljótlega eftir að hætt er að anda að sér glaðloftinu.

## Ljósmæður taka vel á móti þér!

**UTANBASTSDEYFING (EPIDURAL)** er eina verkjameðferðin sem slær nánast alveg á hriðarverkina. Á Ísland er deyfingin notuð í u.þ.b. fjórðu hverri fæðingu.

### UTANBASTSDEYFING LÖGÐ

Það tekur smátíma að undirbúa deyfinguna. Byrjað er á því að setja æðalegg í handlegginn þinn og gefa þér vökva í æð. Mæla þarf blóðþrýstinginn og góð regla er að tæma þvagblöðruna. Svæfingalæknir leggur deyfinguna. Ljósmóðir og læknir leiðbeina þér í rétta stellingu því stellingin skiptir miklu máli til þess að vel gangi að leggja deyfinguna. Þegar þú ert búin að koma þér fyrir finnur læknirinn þann stað á bakinu sem leggja á deyfinguna. Svæðið í kringum stungustaðinn er sótthreinsað, því næst er húðin staðdeyfð. Þegar staðdeyfingin er farin að virka er nál komið fyrir milli tveggja hryggjaliða. Síðan er örmjó slanga þrædd í gegnum nálina sem er síðan fjarlægð og slangan ein er eftir. Plástur er settur yfir slönguna til að halda henni á sínum stað. Lítil dós er tengd við endann á slöngunni sem er notuð til að sprauta deyfilyfinu í. Fyrst er gefinn þrífuskammtur til að tryggja að slangan sé á réttum stað. Síðan er aðalskammturinn gefinn og dugur hann í 1-2 tíma. Síðan er hægt að bæta á deyfinguna meðan þú ert í fæðingu.

Utanbastsdeyfing felur í sér talsvert inngrip og eftirfarandi þættir hindra að þú getir fengið slíka deyfingu.

- Blóðstorkusjúkdómar
- Sýking neðarlega í bakinu
- Meðgöngueitrun (ef henni fylgir truflun á blóðstorku)
- Brjós-klos
- Ef þú tekur blóðþynningarlyf þarf ákveðinn tími að líða frá síðustu lyfjagjöf

### KOSTIR UTANBASTSDEYFINGAR

- Þegar deyfingin virkar (eftir u.þ.b. 10-20 mín), ættir þú að losna nánast alveg við hriðaverkna.
- Deyfingin hefur ekki áhrif á meðvitundarástand, þ.e. þú verður ekki syfjuð eða vonkuð.
- Þú ættir að geta hreyft þig eftir að deyfingin hefur verið lögð (með aðstoð) þó að þú finnur fyrir náladofa í fótunum.



Margir þættir s.s. kvíði, hræðsla, þreyta, langdregin fæðing og hvernig barnið ber að í fæðingu hafa áhrif á það hvernig konur upplifa sársauka í fæðingu. Stundum duga náttúrulegar leiðir ekki til að lina sársaukann. **Í þessum bæklingi er fjallað um þær verkjalyfjameðferðir sem standa til boða í fæðingu á flestum sjúkrahúsum.**



## UTANBASTSDEYFING ÓKOSTIR OG AUKAVERKANIR

- Blóðþrýstingsfall. Fylgst er með blóðþrýstingnum og hægt er að bregðast við blóðþrýstingsfalli með vökva í æð eða lyfjagjöf. Ef blóðþrýstingurinn fellur mjög mikið gætirðu fundið fyrir svima og ógleði, einnig getur hægst á hjartslætti barnsins.
- Annað stig fæðingar getur verið lengra og rembingstilfinning ekki eins sterk.
- Meiri líkur eru á að nota þurfi sogklukku eða töng við fæðinguna.
- Stundum virkar deyfingin ekki sem skyldi, þ.e.a.s. þú finnur áfram verki, dofnað bara öðrum megin í líkamanum eða dofnað ekki á vissum stöðum.
- Kláði er nokkuð algengur fylgikvilli.
- Það getur dregið úr hriðunum og þá þarf að gefa hriðaðörvandi lyf í æð.
- Þú getur fengið höfuðverk eftir fæðingu ef nálin fer of langt þannig að gat komi á mænuhimnuna. Mænuvökvi lekur þá úr gatinu og veldur mjög sárum höfuðverk. Verkurinn versnar þegar þú sest upp eða stendur, en minnkar þegar þú leggst útaf. Hægt er að laga höfuðverkin með því að taka blóð úr þér og sprauta á þann stað sem gatið er því blóðið lokar gatinu þegar það storknar. Verkjalyf sem innihalda kódein draga úr höfuðverknum en hann hverfur eftir 7-10 daga án meðferðar.
- Algengara er að konur sem fá deyfingu finni fyrir bakverkjum eftir fæðinguna, en rannsóknir hafa ekki tengt langvarandi bakverki við deyfinguna.
- Hækkaður líkamshiti er algengari hjá konum sem fá deyfingu. Ekki er ljóst hvað veldur en hiti í fæðingu er oft meðhöndlaður með sýklalyfjum vegna hugsanlegrar sýkingu.
- Deyfingin getur valdið því að þú finnur hvorki fyrir þvaglátsþörf né að þú getir pissað. Þá þarf að tæma þvagblöðruna með þvaglegg.
- Öndunarerfiðleikar eru mjög sjaldgæfir.
- Blæðing er afar sjaldgæf en alvarleg aukaverkun utanbastsdeyfingar.